Reykjavíkurborg

Reykjavík 16.nóvember 2026
FAS260090010

Innkaupa- og framkvæmdaráð

16348 - Rammasamningur um grænmeti og ávexti

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð 27. október 2026 og skiluðu þrjú fyrirtæki inn tilboði. Tilboð bárust frá Innnes ehf., Bananar ehf. og Oriens ehf.

Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016 og var útboðið auglýst á EES.

Útboðinu var skipt í tvo hluta, annars vegar ferskt grænmeti og ávexti og hins vegar lífrænt ræktað grænmeti og ávexti. Tilboð bárust frá öllum þremur bjóðendum í hluta 1 en frá einum bjóðanda í hluta 2.

Ekki liggur fyrir hvaða magn verður keypt á grundvelli rammasamningsins og felur samningurinn ekki í sér loforð um tiltekin viðskipti. Áætluð innkaup á grundvelli samningsins eru 140 til 170 milljónir króna án virðisaukaskatts á ársgrundvelli. Gildistími samningsins er fjögur ár frá því að samningur kemst á en þó ekki fyrr en núverandi samningur rennur út 12. desember 2026

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði til rammasamninga við alla bjóðendur sem uppfylla hæfiskröfur og aðrar kröfur útboðsgagna.

Í hluta 1 er lagt til að gengið verði til rammasamninga við Innnes ehf., Bananar ehf. og Oriens ehf. Í hluta 2 er lagt til að gengið verði til rammasamnings við Bananar ehf.

Fyrirtækin hafa staðist fjárhagsskoðun og tæknilegt mat skrifstofu fjármálaþjónustu og innkaupa.

Virðingarfyllst
Guðrún P. Ólafsdóttir
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa

Hjálagt: *Opnunarfundargerð*